

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/413****2019/EES/38/10**

frá 14. mars 2019

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 <sup>(2)</sup> er bætt við sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008.
- 2) Í þessari sömu reglugerð (EB) nr. 272/2009 er framkvæmdastjórninni falið að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við þá reglugerð.
- 3) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 <sup>(3)</sup> eru tilgreind þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur fengið staðfestingu frá Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi um að það muni halda áfram að beita reglum sínum og kröfum um flugvernd, sem jafngilda löggið Sambandsins, eftir útgöngudag þess úr Evrópusambandinu 30. mars 2019.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót viðeigandi ferli til að fela hinum aðildarríkjunum aftur þá ábyrgð að tilnefna flugrekendur, viðurkennda umboðsaðila í þriðju löndum og þekkta sendendur í þriðju löndum, sem Bretland tilnefndir, sem stendur, sem ACC3-flugrekendur, RA3-umboðsaðila og KC3-sendendur, eftir því sem við á, og hefur hún ákvarðað að setja ætti reglur um þetta ferli með því að beita umbreytingarákvæðum.
- 7) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin viðurkenna hið mikilvæga framlag til starfsemi verndaðrar birgðakeðju ESB frá ACC3-flugrekendum, RA3-umboðsaðilum og KC3-sendendum, sem tilnefndir hafa verið af hálfu ESB-matsmanna flugverndar sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur viðurkennt, og möguleikann á að ákvarða að aðildarríkin taki yfir ábyrgðina á viðurkenningu þeirra frá og með 30. mars 2019.
- 8) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 98. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 97, 9.4. 2008, bls. 72.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtið ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*3. gr.*

Reglugerð þessi skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, í samræmi við 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, sbr. þó mögulegan útgöngusamning sem gerður er í samræmi við 2. mgr. 50 gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fylgiskjals 3-B í 3. kafla komi eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 3-B**

## FLUGVERND LOFTFARA

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI*

Að því er varðar flugvernd loftfara hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningflug:

**Kanada**

**Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll (Vogar)**

**Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll**

**Guernsey**

**Eyjan Mön (í Írlandshafi)**

**Jersey**

**Montenegro (Svartfjallaland)**

**Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll**

**Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland**

**Bandaríkin**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

- 2) Í stað fylgiskjals 4-B í 4. kafla kemur eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 4-B**

## FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI*

Að því er varðar farþega og handfarangur hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningflug:

**Kanada**

**Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll (Vogar)**

**Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll**

**Guernsey**

**Eyjan Mön (í Írlandshafi)**

**Jersey**

**Svartfjallaland**

**Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll**

**Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland**

**Bandaríkin**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

- 3) Í stað fylgiskjals 5-A í 5. kafla kemur eftirfarandi:

**„FYLGISKJAL 5-A**

**LESTARFARANGUR**

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI*

Að því er varðar lestarfarangur hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi:

**Kanada**

**Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll (Vogar)**

**Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll**

**Guernsey**

**Eyjan Mön (í Írlandshafi)**

**Jersey**

**Montenegro (Svartfjallaland)**

**Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll**

**Ísrael, að því er varðar Ben Gurion flugvöll**

**Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland**

**Bandaríkin**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

## 4) Í 6. kafla bætist eftirfarandi liður 6.8.1.6 við:

„6.8.1.6. Í kjölfar tilkynningar frá Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi um fyrirætlan sína að ganga úr Evrópusambandinu, skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, falla ACC3-tilnefningarnar, sem þetta aðildarríki gefur út, undir eftirfarandi ákvæði:

- a) ábyrgð á gildandi tilnefningum er yfirfærð á hlutaðeigandi yfirvald aðildarríkisins, sem skráð er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009, með áorðnum breytingum að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu,
- b) ábyrgð á ACC3-tilnefningum flugrekenda, sem eru ekki skráðir í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009, með áorðnum breytingum, er yfirfærð á hlutaðeigandi yfirvald, eins og tilgreint er í c-lið liðar 6.8.1.1,
- c) hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkisins, eins og lýst er í a- og b-lið, er heimilt að gera samning við mótaðila sinn í öðru aðildarríki um að sá síðarnefndi axli ábyrgð á ACC3-tilnefningu tiltekens flugrekenda; í því tilviki skulu hlutaðeigandi aðildarríki þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það,
- d) framkvæmdastjórnin mun upplýsa hlutaðeigandi yfirvald í Bretlandi um þau aðildarríki sem taka yfir ábyrgðina á ACC3-tilnefningum þess,
- e) hlutaðeigandi yfirvald í Bretlandi skal gefa hlutaðeigandi yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu aðgang að afriti af nauðsynlegum gögnum sem liggja til grundvallar því að Bretland tilnefndi flugrekendurna, sem skráðir eru í a-lið, sem ACC3-flugrekendur; í þessum gögnum skal, a.m.k., vera fullgildingarskýrslan í heild sinni, verndaráætlunin og, ef við á, vegvísirinn sem komist var að samkomulagi um við viðeigandi flugrekenda,
- f) að því gefnu að skuldbindingarnar í e-lið séu uppfylltar skal yfirfærsla ábyrgðar á ACC3-tilnefningum eiga sér stað þann dag sem Bretland gengur úr Evrópusambandinu,
- g) ACC3-tilnefningar flugrekenda, sem starfrækja einungis flug til Bretlands, skulu aflagðar,
- h) ACC3-tilnefningar, sem eru yfirfærðar á aðra, skulu halda gildi sínu uns gildistími þeirra rennur út og viðtökuaðildarríkið tekur yfir ábyrgðirnar og skuldbindingarnar sem lýst er í þessari reglugerð,
- i) framkvæmdastjórnin mun auðvelda stjórnsýslulegu umskiptin, þ.m.t. skráningu upplýsinga um ACC3-flugrekendur í gagnagrunn Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni.“

## 5) Í 6. kafla bætist við eftirfarandi liður 6.8.4.10:

„6.8.4.10 Í kjölfar tilkynningar frá Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi um þá fyrirætlan sína að ganga úr Evrópusambandinu, skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, falla RA3- og KC3-tilnefningar, sem þetta aðildarríki gefur út, undir eftirfarandi ákvæði:

- a) ábyrgð á RA3- eða KC3-tilnefningu aðila, sem samanstendur af útibúi eða dótturfélagi flugrekanda eða flugrekandanum sjálfum, er yfirfærð á hlutaðeigandi yfirvald aðildarríkisins sem tilgreint er í lið 6.8.1.1 þessarar reglugerðar,
- b) ábyrgð á RA3- eða KC3-tilnefningu aðila, sem tengist ekki flugrekanda beint, er yfirfærð á hlutaðeigandi yfirvald aðildarríkisins sem, með skírskotun til liðar 6.8.1.1, ber ábyrgð á landsbundna flugrekandanum eða stærsta flugrekandanum í þriðja landinu þar sem RA3-umboðsaðilinn eða KC3-sendandinn stundar rekstur sinn,
- c) ábyrgð á RA3- eða KC3-tilnefningu aðila, sem fellur ekki undir a- eða b-lið, er yfirfærð á hlutaðeigandi yfirvald aðildarríkisins sem, með skírskotun til liðar 6.8.1.1, ber ábyrgð á einum flugrekanda í Sambandinu sem starfrækir flug frá flugvelli þar sem RA3-umboðsaðilinn eða KC3-sendandinn stundar rekstur sinn eða frá þeim flugvelli sem næstur er starfsstöð þessa aðila,
- d) hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkisins, eins og lýst er í a- til c-lið, er heimilt að gera samning við mótaðila sinn í öðru aðildarríki um að sá síðarnefndi axli ábyrgð á RA3- eða KC3-tilnefningu tiltekens aðila eða flugrekanda; í því tilviki skulu hlutaðeigandi aðildarríki þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það,
- e) framkvæmdastjórnin mun upplýsa hlutaðeigandi yfirvald í Bretlandi um þau aðildarríki sem taka yfir ábyrgðina á RA3- og KC3-tilnefningum þess,
- f) hlutaðeigandi yfirvald í Bretlandi skal gefa hlutaðeigandi yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu aðgang að afriti af nauðsynlegum gögnum sem liggja til grundvallar því að Bretland tilnefndi aðila eða flugrekanda sem RA3-umboðsaðila eða KC3-sendanda; í þessum gögnum skal, a.m.k., vera fullgildingarskýrslan í heild sinni og verndaráætlun viðeigandi aðila eða flugrekanda,

- g) að því gefnu að skuldbindingarnar í f-lið séu uppfylltar skal yfirfærsla ábyrgðar á RA3- og KC3-tilnefningum eiga sér stað þann dag sem Bretland gengur úr Evrópusambandinu,
- h) RA3- og KC3-tilnefningar, sem eru yfirfærðar á aðra, skulu halda gildi sínu uns gildistími þeirra rennur út og viðtökuaðildarríkið tekur yfir ábyrgðirnar og skuldbindingarnar sem lýst er í þessari reglugerð,
- i) framkvæmdastjórnin mun auðvelda stjórnarsýslulegu umskiptin, þ.m.t. skráningu upplýsinga um RA3-umboðsaðila og KC3-sendendur í gagnagrunn Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni.“
- 6) Í stað fylgiskjals 6-F í 6. kafla kemur eftirfarandi:

„**FYLGISKJAL 6-F**

**FARMUR OG PÓSTUR**

6-Fi

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI*

Að því er varðar farm og póst hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd beiti flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi:

**Montenegro (Svartfjallaland)**

**Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland**

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.

6-Fii

*ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, ÞAR SEM EKKI ER GERÐ KRAFA UM TILNEFNINGU ACC3-FLUGREKANDA, ERU SKRÁÐ Í FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR C(2015) 8005.*

6-Fiii

*FULLGILDINGARSTARFSEMI ÞRIÐJU LANDA SEM OG ANNARRA LANDA OG YFIRRÁÐASVÆÐA, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ JAFNGILDI ESB-FULLGILDINGU FLUGVERNDAR.*

Engin ákvæði hafa enn verið samþykkt.“

- 7) Eftirfarandi liðir 11.6.3.9 og 11.6.3.10 bætast við í 11. kafla:

„11.6.3.9 Frá og með útgöngudegi Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu, skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um ESB-matsmenn flugverndar, sem þetta aðildarríki hefur viðurkennt til að framkvæma fullgildinguna að því er varðar flugrekendur, umráðendur og aðila sem sækjast eftir ACC3-, RA3- og KC3- tilnefningu, eftir því sem við á:

- a) þeir eru ekki lengur viðurkenndir í Sambandinu,
- b) ESB-fullgildingar flugverndar sem framkvæmdar eru fyrir útgöngudag Bretlands úr Sambandinu, þ.m.t. ESB-fullgildingarskýrslur sem gefnar eru út fyrir þann dag, gilda áfram að því er varðar tilnefningu flugrekenda, umráðenda og aðila sem þeir hafa fullgilt.

- 11.6.3.10 Einstaklingum og aðilum, sem tilgreindir eru í undanfarandi lið, er heimilt að sækja um viðurkenningu sem ESB-matsmenn flugverndar hjá hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkis. Aðildarríkið, sem gefur út viðurkenninguna, skal:
- a) fá nauðsynleg gögn frá hlutaðeigandi yfirvaldi í Bretlandi sem liggja til grundvallar því að einstaklingur eða lögaðili var viðurkenndur sem ESB-matsmaður flugverndar,
  - b) sannreyna að umsækjandi uppfylli kröfur Sambandsins í þessum kafla; ef hlutaðeigandi yfirvald telur að farið sé að kröfunum, er því heimilt að viðurkenna einstaklinginn eða aðilann sem ESB-matsmann flugverndar, í tiltekið tímabil en þó ekki lengur en viðurkenningin, sem hlutaðeigandi yfirvald í Bretlandi veitti, gildir,
  - c) upplýsa framkvæmdastjórnina þegar í stað sem mun tryggja að ESB-matsmaður flugverndar verði skráður í gagnagrunn Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni.“
-